

Ed.

455. Frumvarp til laga

um æskulýðshöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins. Veita skal þó móttöku framlögum til æskulýðshallarinnar frá félögum æskumanna í Reykjavík og öðrum, er málið vilja styðja.

2. gr.

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Nefnir hvor aðili sinn nefndarmann, en þriðja nefndarmanninn tilnefnir fulltrúaráð æskulýðsfélaga í Reykjavík, er skipað sé einum fulltrúa frá hverju félagi, er lagt hefur fram fé til hallarinnar samkvæmt 1. gr. Varamenn í nefndina skulu jafnmargir vera og nefndir með sama hætti. Samþykki kennslumálaráðherra og bæjarráðs þarf til ákvörðunar á lóð undir höllina, uppdráttu að henni og til ákvörðunar um það, hverjum bygging hennar verði falin og með hvaða kjörum, svo og til ákvörðunar um allar aðrar meiri háttar ráðstafanir í sambandi við bygginguna.

3. gr.

Með sama hætti, sem í 2. gr. segir, skal nefna þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar. Nefndin ræður forstjóra og starfsmenn æskulýðshallar og leysir þá frá starfi. Þó getur ráðherra og borgarstjóri leyst forstjóra og dyravörð, ef hann verður sérstakur ráðinn, frá starfi, ef einhver nefndarmanna leggur það til.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um allt, er rekstur æskulýðshallar varðar, skal setja í reglugerð, er bæjarráð og ráðherra setja.

5. gr.

Heimilt er aðilum þeim, er í 1. gr. getur, að starfrækja tómstundaheimili í þágu æskulýðs í Reykjavík, þar til æskulýðshöllin er tekin til starfrækslu. Um rekstur tómstundaheimilis fer eftir þeim reglum, sem að framan segir, eftir því sem við getur átt. Þó getur ráðherra og bæjarráð samið við æskulýðsfélagsskap, sem óháður er öllum stjórnálagssamtökum, um að taka að sér rekstur slíks heimilis, og þarf þá ekki að skipa sérstaka forstöðunefnd.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum ríkisins og í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.